

Vinnureglur vinnuskóla Hvalfjarðarsveitar

1. Mæta stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
2. Bera virðingu fyrir umhverfinu á hverjum stað þar sem unnið er.
3. Fara vel með öll þau áhöld sem notuð eru og sýna sérstaka aðgát við vélar. Nota öryggisbúnað og fara eftir tilmælum verkstjóra.
4. Starfsmenn leggja sjálfir til allan fatnað og skulu koma til vinnu klæddir með tilliti til verkefna og veðurfars.
5. Ávallt koma með nesti.
6. Engin ábyrgð er tekin á fötum starfsmanna, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem þeir taka með sér á vinnustað.
7. Foreldrar/forráðamenn gera umsjónaraðila grein fyrir veikindum starfsmanns.
8. Beiðni um leyfi þurfa að berast umsjónaraðila tímanlega.
9. Notkun farsíma við vinnu er ekki leyfileg, nema flokkstjóri leyfi annað.
10. Sýna öðrum starfsmönnum virðingu og einelti er ekki liðið.
11. Reykingar sem og meðferð annarra vímuefna eru stranglega bannaðar á vinnutíma, þ.m.t í hádegishléum og pásam. Þetta á einnig við um í ferðum eða öðru sem gert er á vegum vinnuskólans.
12. Sé starfsmaður með það alvarlegt ofnæmi eða annað sem hindrar þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar.
13. Með umsókn í Vinnuskólann er litið svo á að starfsmaður sé að sýna starfi skólans áhuga og vinna samviskusamlega þau verk sem honum eru falin. Þá ber honum líka að sýna öllum samstarfsmönnum sínum, flokksstjórum, umsjónaraðila og yfirmönnum Vinnuskólans, svo og öllum íbúum fyllstu kurteisi þegar hann er við vinnu.
14. Flokkstjórar áskilja sér þann rétt að ef starfsmenn fari ekki eftir ofangreindum reglum megi þeir senda viðkomandi starfsmann launalausan heim að höfðu samráði við yfirmann vinnuskólans. Öll slík tilvik ber að tilkynna til forráðamanna viðkomandi. Við síendurtekin brot getur viðkomandi starfsmanni vinnuskólans verið vikið alfarið úr starfi.

Velferðar- og fræðsludeild hefur umsjón með rekstri Vinnuskóla Hvalfjarðarsveitar og endurskoðar ofangreindar reglur eftir þörfum.

Samþykkt á 11. fundi velferðar- og fræðslunefndar Hvalfjarðarsveitar þann 07.05.2026.

Samþykkt á 442. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 13.05.2026.